

From: [Þuríður María Guðmundsdóttir](#)
To: [Íbúaráð Grafarvogur](#)
Subject: FS: Borgarlína 1. lota - Ártúnshöfði 2 - USK24120106 - Auglýsing
Date: fimmtudagur, 23. janúar 2025 13:07:15
Attachments: [image001.png](#)
[image002.png](#)

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing að nýju deiliskipulagi vegna Borgarlína 1. lota - Ártúnshöfði 2 - USK24120106, birtist í Morgunblaðinu og Lögbirtingablaðinu í dag, fimmtudaginn 23. janúar 2025. Tillagan er í kynningu frá 23. janúar 2025 til og með 6. mars 2025. Gögn er hægt að skoða á síðunni, skipulagsgatt.is. Sjá eftirfarandi slóð:

<https://skipulagsgatt.is/issues/2025/84>

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík

Borgarlína 1. lota - Ártúnshöfði 2 - USK24120106

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 18. desember 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 9. janúar 2025 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir göturými á Ártúnshöfða 2 en um er að ræða svæði sem verður neðsti hluta Stórhöfða og tengist við Sævarhöfða. Tillagan er hluti af 1. lotu Borgarlínu og afmarkast af gatnamótum Sævarhöfða og Stórhöfða til vesturs, deiliskipulagsmörkum Ártúnshöfða við Elliðaárvog svæðis 1 til austurs og deiliskipulagsmörkum Ártúnshöfða við Elliðaárvog svæðis 2A til norðurs. Til suðurs afmarkast svæðið af lóðamörkum sunnan Stórhöfða og deiliskipulagsmörkum Elliðaárvogs við Ártúnshöfða svæði 2C. Með tilkomu nýs deiliskipulags verður bætt við nýju göturými fyrir Borgarlínu frá Sævarhöfða að Krossamýrartorgi ásamt einni stöð, Sævarhöfða. Hjóla- og göngustígum er bætt við beggja vegna Borgarlínubrauta og þannig er tryggt aðgengi virkra ferðamáta við götuna. Akreinar fyrir almenna bílaumferð verða að mestu leyti einbreiðar, nema við gatnamót Sævarhöfða og Stórhöfða. Þá er grænni ásýnd gatnanna aukin með skilgreindum svæðum fyrir gróður og regnvatnslausnum ofanjarðar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, www.skipulagsgatt.is. Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 frá **23. janúar 2025 til og með 6. mars 2025**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 6. mars 2025**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á skipulag@reykjavik.is.



Með kveðju,
Þuríður María Guðmundsdóttir
skrifstofufulltrúi

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa skipulagsfulltrúa

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14

105 Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur